

## Fundargerð aðalfundar Haga hf. haldinn hinn 6. júní 2018

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn miðvikudaginn 6. júní 2018, kl. 09:00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Kristín Friðgeirsdóttir, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason hæstaréttarlögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og Kristín Ólafsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari. Var það samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Fundarboð birtist opinberlega á vef Kauphallarinnar þriðjudaginn 15. maí sl. og var fundurinn einnig auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu miðvikudaginn 16. maí sl. og Viðskiptablaðinu 17. maí sl. Á fundinn voru mættir 42 hluthafar af 764 hluthöfum í félaginu eða fyrir 67,3% hlutafjár. Lýsti fundarstjóri því yfir að fundurinn væri boðaður á lögmætan hátt og bær til að taka ákvarðarnir í samræmi við auglýsta dagskrá. Hreyfði enginn andmælum. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

1. *Skýrsla stjórnar Haga hf. um starfsemina á liðnu ári.* Kristín Friðgeirsdóttir, formaður stjórnar Haga hf., tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.
2. *Ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda.* Á fundinum var lagður fram til samþykktar ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Finnur Árnason, forstjóri Haga hf., tók til máls og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Eftir framsöguræður undir 1. og 2. dagskrárlið opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir. Enginn tók til máls. Að því búnu var ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár félagsins, 1. mars 2017 - 28. febrúar 2018, ásamt skýrslu endurskoðanda, borinn upp til atkvæða og samþykkti aðalfundurinn hann samhljóða.

3. *Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2017/18.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að greiddur yrði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2017/18 sem nemur 1,024 krónu á hlut, eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan nemur því 1.200 milljónum króna. Skal arðsréttindadagur vera 8. júní 2018. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2017/18 verður því 7. júní 2018, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 27. júní 2018. Var tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

4. *Tillögu um breytingar á samþykktum Haga hf.*

*a. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að hækka hlutafé félagsins um kr. 41.831.651 að nafnvirði með eftirfarandi viðbót við gr. 2.1 í samþykktum félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um kr. 41.831.651 að nafnvirði.  
Forgangsréttur hluthafa skv. gr. 2.3 í samþykktum félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé.

Stjórnin skal ráðstafa hlutafjánhækkuninni til greiðslu fyrir hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. í samræmi við kaupsamning þar að lútandi á genginu 47,5 kr. á hlut. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjánhækkunarinnar. Hlutafé félagsins eftir hækkun verður kr. 1.213.333.841. Framangreind heimild stjórnar Haga hf. rennur út á aðalfundi félagsins árið 2019 sem áætlaður er þann 7. júní. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.“

Fyrir fundinum lá einnig greinargerð vegna tillögunnar. Fundarstjóri tók fram að tillagan væri af sama toga og sú sem samþykkt var á síðasta aðalfundi (og er nú runnin út) nema að hlutafjánhækkunin væri nú lægri vegna kaupa á eigin bréfum sem hafa átt sér stað á liðnu ári. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Í framhaldi af því bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um hækkun hlutafjár félagsins með fyrrnefndri viðbót við gr. 2.1 í samþykktum og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

*b. Tillaga um kosningu þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að gerð verði eftirfarandi breyting á gr. 3.18 í samþykktum félagsins:

Við greinina bætist nýr töluliður, er verði 7. töluliður og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það, svohljóðandi:

Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd.

Fyrir fundinum lá einnig greinargerð vegna tillögunnar auk þess sem frammi lágu til kynningar drög að starfsreglum fyrir tilnefningarnefndar, sem stjórn Haga hf. setur. Stjórnarformaður Haga hf., Kristín Friðgeirsdóttir, fylgdi tillögunni eftir með stuttri kynningu. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Í framhaldi af því bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um kosningu þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd, er yrði 7. tölul. gr. 3.18 í samþykktum og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

*c. Tillaga um breytingu á gr. 4.11 um verkaskiptingu stjórnar félagsins.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki gerð verði eftirfarandi breyting á gr. 4.11 í samþykktum félagsins: Við greinina bætist á eftir orðinu *formann*: og varaformann. Verði breytingartillagan samþykkt mun gr. 4.11 í samþykktum félagsins verða svohljóðandi:

4.11 Stjórnin kys sér formann og varaformann úr sínum hópi en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Fyrir fundinum lá einnig greinargerð vegna tillögunnar. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Í framhaldi af því bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um kjör varaformanns með breytingu á gr. 4.11 í samþykktum og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

5. *Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna Haga hf.* Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að stjórnarlaun hækki um 10% og verði sem hér segir: Stjórnarformaður kr. 660.000,- á mánuði, varaformaður kr. 495.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 330.000,- á mánuði. Stjórn gerir tillögu um að laun fyrir setu í undirnefndum verði kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Formaður stjórnar Haga hf., Kristín Friðgeirsdóttir, kynnti einnig tillöguna og bar saman stjórnarlaun í nokkrum skráðum fyrirtækjum.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna. Til máls tók Ólafur Sigurðsson, f.h. Birtu lífeyrissjóðs og minnti stjórn Haga hf. á að gæta hófs í starfsskjörum, bæði sínum og starfsmanna. Stjórn Birtu lífeyrissjóðs telur að 10% hækkun á stjórnarlaunum sé ekki gott innlegg í yfirstandandi kjaraviðræður. Er þessi hvatning til samræmis við eigendastefnu Birtu. Ekki óskuðu fleiri eftir því að taka til máls. Við svo búið bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna Haga hf.

Meirihluti hluthafa greiddi atkvæði með tillögunni, en tveir hluthafar greiddu henni mótatkvæði. Fundarstjóri lét í ljós þá skoðun að hann teldi ekki ástæðu til að hafa sérstaka atkvæðagreiðslu um samþykkt tillögunnar þar sem afgerandi meirihluti hluthafa greiddi henni meðatkvæði sitt. Hreyfði enginn andmælum við framangeindri niðurstöðu fundarstjóra og ekki var gerð krafa um skriflega atkvæðagreiðslu. Tillaga var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

6. *Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund starfskjarastefnu fyrir félagið. Fram kom í kynningu fundarstjóra að stjórn leggi ekki til breytingar á starfskjarastefnu að sinni. Engar breytingar hafi verið gerðar á kjörum sem kalla á breytta stefnu og þá væru kaup félagsins á Olíuverzlun Íslands hf. enn til skoðunar, en kaupin gætu kallað á samþættingu ýmissa mála hjá félagunum og þar á meðal starfskjarastefnu. Endurskoðun á starfskjarastefnunni með aukna upplýsingagjöf að leiðarljósi verður verkefni næstu stjórnar. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna.

Til máls tók Árni Guðmundsson, forstjóri Gildis lífeyrissjóðs og fylgdi úr hlaði bókun Gildis, dags. 6. júní 2018. Var bókunin afhent fundarstjóra og er hún færð til bókar sem fylgiskjal með fundargerð þessari. Árni gerði grein fyrir því að Gildi muni sitja hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu Haga hf.

Næst tók til máls Ólafur Sigurðsson f.h. Birtu lífeyrissjóðs. Tók hann undir bókun Gildis lífeyrissjóðs og áréttaði óskir Birtu lífeyrissjóðs um sundurliðun m.a. á launum stjórnenda í ársreikningi félagsins og að slík sundurliðun taki mið af árangurstenginu.

Birta lífeyrissjóður gerði það að tillögu sinni að starfskjarastefna myndi eingöngu gilda fram að næsta hluthafafundi og yrði þá endurskoðuð.

Fundarstjóri tók fram að hann teldi að þessi tillaga væri of seint fram komin þar sem hún hefði ekki borist innan lögmælt frests fyrir fundinn. Ólafur Sigurðsson tók til máls á ný og færði rök fyrir tillögu Birtu.

Næst tók til máls Kristín Friðgeirsdóttir og kom því á framfæri að stjórn hefði átt samstarf við hluthafa og myndi taka framkomin sjónarmið til skoðunar. Einnig tók hún fram að mikilvægt væri að samþætta

Í starfskjarastefnu atriði er varða bæði Haga hf. og Olís, verði af kaupum. Í ljósi þessa væri ólíklegt að endurskoðun skilaði tilætluðum árangri fyrir næsta hluthafafund, ef af honum yrði.

Ólafur Sigurðsson óskaði eftir því að fært yrði til bókar að þau sjónarmið sem áréttuð væru hér í dag hefðu áður komi fram.

Fundarstjóri telur tillögu um að endurskoðun á starfskjarastefnu fari fram fyrir en mælt er fyrir um í hlutafélagalögum og samþykktum félagsins, sé of seint fram komin. Fundarstjóri spyr hvort gerðar séu athugasemdir við niðurstöðu hans. Svo var ekki.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu Haga hf. var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða. Eftirfarandi hluthafar óskuðu eftir því að gera yrði grein fyrir atkvæði sínu. Lífeyrissjóðurinn Gildi sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Birta lífeyrissjóður sat hjá við atkvæðagreiðsluna. LSR, deildir A, B og S, sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Brú lífeyrissjóður sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

7. *Kosning tilnefningarnefndar.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að samþykkt hefði verið breyting á samþykktum um kjör tilnefningarnefndar. Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að þrír eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins. Meirihluti þeirra er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

- Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala
- Björg Sigurðardóttir, löggiltur endurskoðandi
- Símon Á. Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Var tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða af aðalfundinum. Fundarstjóri lýsti því Ástu Bjarnadóttur, Björgu Sigurðardóttur og Símon Á. Gunnarsson réttkjörin í tilnefningarnefnd.

8. *Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjö framboð hefðu borist til setu í stjórn Haga hf. innan þess tíma sem lög og samþykktir félagsins áskilja og væru þau öll gild að mati stjórnar félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur hafa verið birtar og liggja frammi á fundinum. Fundarstjóri las upp nöfn frambjóðenda: Davíð Harðarson, Erna Gísladóttir, Kristín Friðgeirsdóttir, Már Wolfgang Mixa, Sigurður Arnar Sigurðsson, Stefán Árni Auðólfsson og Tryggvi Guðbjörn Benediktsson.

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að kynna sig stuttlega. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri upplýsti að ekki hefði komið fram ósk innan tilskilins frest um annað fyrirkomulag á kosningu en venjulega meirihlutakosningu milli einstaklinga, sbr. grein 4.7 í samþykktum Haga hf. Færi atkvæðagreiðslan því þannig fram og væri skrifleg.

Fundarstjóri benti á að samkvæmt 1. mgr. 63. gr. hfl. nr. 2/1995, skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og í tilviki Haga hf. skal tryggja að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% stjórnarmanna.

Fundarstjóri fór yfir leiðbeiningar við kosningu. Hluthafar hafa fengið afhentan kjörseðil úr rafrænu atkvæðakerfi sem tiltekur fjölda atkvæða viðkomandi hlutahafa. Við stjórnarkjör eru notaðir seðlar sem merktir eru **atkv.greiðsla nr. 1 til og með atkv.greiðsla nr. 7.**

Fundarstjóri benti á að kjósa skyldi fimm stjórnarmenn hið mesta. Fundarstjóri tók fram að frambjóðendum hefur verið úthlutað eftirfarandi númeri:

<b>Atkv.greiðsla nr. 1.</b> Davíð Harðarson, kt.171076-4129	
<b>Atkv.greiðsla nr. 2.</b> Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969	
<b>Atkv.greiðsla nr. 3.</b> Kristín Friðgeirsdóttir, kt. 090871-5369	
<b>Atkv.greiðsla nr. 4.</b> Már Wolfgang Míxa, kt.060265-5269	
<b>Atkv.greiðsla nr. 5.</b> Sigurður Arnar Sigurðsson, kt. 090164-2529	
<b>Atkv.greiðsla nr. 6.</b> Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729	
<b>Atkv.greiðsla nr. 7.</b> Tryggvi Guðbjörn Benediktsson, kt: 240789-2809	

Fundarstjóri útskýrði að hluthafar greiddu atkvæði með því að merkja við reit merktan „Með“ á seðli með númeri þeirra frambjóðenda sem þeir vilja kjósa til stjórnar, mest fimm frambjóðendur. Fundarstjóri spurði hvort hluthafar gerðu athugasemdir við framangreint fyrirkomulag kosninga. Svo var ekki.

Atkvæðum var safnað saman og þau talin í viðurvist endurskoðenda félagsins, þeirra Bryndísar B. Guðjónsdóttur og Vignis R. Gíslasonar frá PricewaterhouseCoopers ehf.

Að lokinni talningu atkvæða lýsti fundarstjóri úrslitum atkvæðagreiðslu til stjórnar:

<b>Nafn frambjóðenda og nr.:</b>	<b>Fjöldi atkvæða</b>
1. Davíð Harðarson, kt.171076-4129	605.790.648
2. Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969	711.720.118
3. Kristín Friðgeirsdóttir, kt. 090871-5369	704.974.984
4. Már Wolfgang Míxa, kt.060265-5269	47.878.258
5. Sigurður Arnar Sigurðsson, kt. 090164-2529	679.212.154
6. Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729	704.918.999
7. Tryggvi Guðbjörn Benediktsson, kt: 240789-2809	58.624.674

Í ljósi framangreindra úrslita lýsti fundarstjóri eftirfarandi einstaklinga réttilega kjörna til setu í stjórn Haga hf. á aðalfundinum: Davíð Harðarson, kt.171076-4129, Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Kristín Friðgeirsdóttir, kt. 090871-5369, Sigurður Arnar Sigurðsson, kt. 090164-2529, Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729. Engar athugasemdir voru gerðar af fundarmönnum.

Ólafur Sigurðsson, f.h. Birtu lífeyrissjóðs, kom þeirri athugasemd á framfæri við fundarstjóra að hann teldi heppilegra að hluthafar afhentu atkvæði sín í lokaðan kassa fremur en að starfsmönnum fundarins væri falið að safna saman umslögum með atkvæðum.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir þeirri tillögu stjórnar Haga hf. að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði kosinn endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og án athugasemda á aðalfundinum.


9. *Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.* Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

10. *Önnur málefni.* Engar frekari tillögur bárust frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að færa til bókar ef þeir vildu gera grein fyrir atkvæðum sínum á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Fundi var að svo búnu slitið kl. 11:15.



Þórður Bogason, fundarstjóri



Kristín Ólafsdóttir, fundarritari

Lagt fram á aðalfundi Haga hf.  
6. júní 2018 og færð hild bókar  
undi 6. deildarlið sem fylgisdýjal met fundar-  
9202



## BÓKUN

frá Þryg Indevjón

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Haga hf. 6.6.2018

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis telur sjóðurinn rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur sjóðurinn áherslu á heildarlaun. Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi er eðlilegt að föst laun séu að sama skapi lægri, samanborið við félög þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar. Mikilvægt er í tilfelli Haga hf. að stjórn félagsins upplýsi nánar um það með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda eru mótuð og við hvaða samanburð þau miða.
2. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis er lögð áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Mikilvægt er í því samhengi að helstu mælikvarðar komi fram í stefnunni og að þeir séu viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið þannig að háþörf og takþörf komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnuna til endurskoðunar með þessi atriði í huga með það að markmiði að lýsa með greinargóðum hætti því launakerfi sem notast er við innan félagsins. Mögulegar breytingar á starfsemi félagsins vegna fyrirhugaðs samruna þurfa ekki að standa þeirri vinnu í vegi.
3. Mikilvægt er að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði og breytingar á milli ára ásamt sundurliðun á föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og að hún sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða framvegis greiðslur til stjórnenda þannig að greiðslur samkvæmt árangurstengdu launakerfi komi fram og að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu verði útbúin og hér eftir birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund félagsins.

Reykjavík, 6. júní 2018

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri